



## Upplýsingapóstur til foreldra/forráðamanna – Knattspyrnuskóli Víkings

Góðan dag,

Hér má finna hagnýtar upplýsingar fyrir Knattspyrnuskóla Víkings bæði varðandi þá sem eru hjá okkur heilan dag og þá sem eru fyrir hádegi.

Skólastjóri Knattspyrnuskólans er Þrándur Sigurðsson / 822-9480

Núna í ár notast Knattspyrnuskólinn við Sportabler. Mikilvægt er að foreldrar merki við mætingu á hverjum degi eða fyrir hverja viku í senn, inn á sportabler er hægt að merkja við bæði fyrir hádegi og eftir hádegi. Hjálpar þetta starfsmönnum að halda utan um fjöldan á hverjum degi. Dagskráin fyrir knattspyrnuskólann kemur inn á Sportabler.

Gott er að senda skilaboð á Þránd eða Óla í gegnum Sportabler hvort að börnin fari sjálf heim klukkan 16:00 eða eru sótt í Víkina. Á mánudaginn 14. Júní tekur Ólafur Davíðsson við þessum upplýsingum. Hvetjum við foreldra til þess að nota appið, en hægt er að senda bæði skilaboð á þjálfara skólans en einnig er að finna símanúmer hjá þjálfurum.

Við viljum hvetja foreldra að klæða börnin eftir veðri og það getur verið mjög skynsamlegt að koma með aukaföt með sér ef það skyldi rigna mikið.

Við vilum einnig minna á þegar að það verður farið í hjólatúra þá eiga öll börn að vera með hjálm hvort sem að þau séu á hjóli eða hlaupahjóli, ef að barnið er ekki með hjálm getur það ekki komið með í hjólatúrinn.

Dagskrá heildagsskólans er send út á föstudögum fyrir hvert námskeið 2 vikur í senn. Er hún send út í gegnum Sportabler sem viðhengi. Eftir hádegi er ýmisskonar skemmtilegt dagskrá til kl 16:00, hópurinn er alltaf kominn í Víkina rétt fyrir 16:00.

Þegar börnin mæta í Víkina á morgnana geta þau farið með töskurnar sínar með nestinu og slíku í klefa niðri. Starfsmaður knattspyrnuskólans tekur á móti börnunum og getur aðstoða þau.

Strákar geyma dótið sitt í klefa 6 og stelpur í klefa 5. Fara þau síðan niður í Tengibyggingu þar sem knattspyrnuskólinn er með aðstöðu.

Knattspyrnuskóli Víkings er frá 9:00 -12:00. Hægt er að mæta frá kl. 8:00 en dagskráin hefst kl. 9:00 Boðið er upp á gæslu frá klukkan. Kaffi er klukkan 10:30, hádegismatur er kl. 12:00, þeir sem eru bara hálfan dag fara annaðhvort heim í hádeginu eða borða hádegismat með okkur og fara svo á æfingu og heim eftir hana. Þeir sem eru allan daginn geta síðan borðað seinna nestið stuttu eftir æfingu kl 15:00

Varðandi nestismál þá erum við með samlokugrill en ekki örbylgjuofn. Það er best að hafa einfalt og hollt nesti og gott að vera með nóg nesti þar sem þau eru úti í fótbolta ofl. nánast allan daginn og mikilvægt að hafa nóg af orku!

**Æfingar yngstu flokkanna eru á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum.**

7.fl karla 12:15-13:15



7.fl kvenna 12:15-13:15

6.fl karla 13:00-14:00

6.fl kvenna 13:00-14:00

Þeir sem eru allan daginn koma aftur inn til okkar eftir æfingu. Hópnum er fylgt af æfingu og að Víkinni í lok æfingar áður en hann sameinast hópnum sem er ekki á æfingum. Þau sem fara heim eftir æfingu geta því sótt dótið sitt áður en þau halda heim á leið.

Sjáumst hress og kát.

Áfram Víkingur